

SEQUENCE TENINGASPIL

FJÖLDI LEIKMANNA: 2 til 4

INNIHALD: Leikborð, tveir teningar, 20 grænir spilapeningar, 20 bláir spilapeningar, 20 rauðir spilapeningar.

MARKMIÐ: Að vera fyrsti leikmaðurinn eða liðið sem leggur niður eina SEQUENCE - fimm spilapeninga í röð í sama lit - up og niður eða á ská.

Þegar tveir leikmenn eða tvö lið spila er skemmtilegast að reyna að leggja niður SEQUENCE með SEX spilapeningum í röð.

UPPSETNING: Setjið leikborðið á miðjan spilafloðinn ásamt teningunum. Hver leikmaður eða hvert lið tekur eitt sett af lituðum spilapeningum og geymir þá hjá sér. Þegar tveir leikmenn spila eða fjórir leikmenn í tveimur liðum, er þriðja settið af spilapeningum ekki notað.

SPILIÐ: Allir leikmenn kasta teningunum og sá sem fær hæstu samtöluna byrjar. Næstur er sá sem er honum á vinstri hönd (spilað réttisælis). Þegar fjórir leikmenn spila í tveimur liðum, spila fyrsti og þriðji leikmaður við borðið á móti öðrum og fjórða leikmanni. Leikmenn í sama liði mega ekki leiðbeina hver öðrum. Hvert lið er með eitt sett spilapeninga í einum lit. Í hverjum leik er teningunum fyrst kastað. Leikmaðurinn leggur síðan einn spilapening á auðan reit með tölunni sem kastað er (samtala BEGGJA teninganna). Takið eftir að á leikborðinu eru fjórir reitir með hverri tölu frá 2 upp í 12, nema að það eru engir reitir með tölunum 10 eða 11. Ef leikmaður kastar tölu þar sem allir fjórir reitir á leikborðinu eru þegar uppteknir, má hann velja hvaða reit sem er af þeim sem andstæðingur er á (þ.m.t. reitina með 2 eða 12), fjarlægja spilapeninginn af honum og leggja sinn eigin spilapening á hann í staðinn. Ef leikmaðurinn er nú þegar með eigin spilapeninga á öllum fjórum reitunum, þá er hann óheppinn og næsti leikmaður á að gera, annars er leiknum hans lokið þegar hann hefur lagt spilapeninginn sinn á leikborðið.

EF LEIKMAÐUR KASTAR TÖLUNNI 10, sem nefnist VARNARLEIKUR, verður hann að fjarlægja einhvern spilapening andstæðingsins af leikborðinu, NEMA AF REITUM MERKTUM 2 EÐA 12. Þar með er leik hans lokið og næsti á leik. Ef leikmaður kastar 10 og það eru engir spilapeningar á leikborðinu sem hægt er að fjarlægja, á næsti leikmaður leik.

EF LEIKMAÐUR KASTAR TÖLUNNI 11 sem nefnist VILLTUR LEIKUR, leggur leikmaðurinn spilapening á hvaða auða reit sem er á leikborðinu. Þar með er leik hans lokið og næsti á leik.

EF LEIKMAÐUR KASTAR TÖLUNNI 2 EÐA 12, sem samsvarar einum „teningareitanna“ í hornunum eða á miðju leikborðsins, leggur leikmaðurinn spilapening á borðið eins og venjulega OG FÆR SÍÐAN AÐ GERA AFTUR.

VINNINGSHAFINN: Fyrsti leikmaðurinn eða liðið sem leggur niður fimm spilapeninga í röð í sínum lit hefur unnið spilið. Spilapeningarinnir verða að vera í beinni línu og allir í samfelldri röð.